Unugata

Þessi bók er í 4. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Unugata

ISBN 978-9979-0-2545-0
© 2003 texti og myndir Áslaug Jónsdóttir

Ritstjóri: Sylvía Guðmundsdóttir
Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2003
önnur prentun 2018
Menntamálastofnun
Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentvinnsla: Litróf ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja

Áslaug Jónsdóttir

Unugata

MENNTAMÁLASTOFNUN

Póstur í vanda

Finnur póstur gekk
í þungum þönkum
inn Unugötu.
Þar nam hann staðar
og tók pakka upp úr töskunni.

Finnur taldi sig þekkja
alla í Unugötu
en nú var hann í vafa.

Gulur pakki hafði borist
óþekktum íbúa í Unugötu.
Finnur var í vanda.

Af hverju var Finnur í vanda?

Pakkinn

Finnur gat lesið nafn götunnar.
Það var Unugata.
Litla gatan í miðbænum.

En Finnur gat ekki lesið
nafn eiganda.
Hann gat ekki lesið
númerið á húsinu.

Finnur hafði ekki
hugmynd um
hver ætti að fá pakkann.

Ég hlýt að finna
réttan eiganda um leið
og ég ber út póstinn í Unugötu,
hugsaði Finnur.

Hvað gat Finnur ekki lesið?

Rósa



Rósa sat úti á tröppum
þegar Finnur kom gangandi.
– Sæl Rósa, ertu ekki
í skóla í dag? spurði Finnur.

– Nei, það er frí í dag,
sagði Rósa. Og mér leiðist!
Hér eru engin börn
til að leika sér við.
Ég veit ekkert hvað ég á að gera.

– Jæja, ég veit nú sjálfur
varla hvað ég á að gera,
sagði Finnur.
Hann sýndi Rósu pakkann.

Af hverju leiddist Rósu?

Ekkert mál!

– Þetta er frábært! sagði Rósa.
Þú varst heppinn
að ég skyldi eiga frí!

Hún stökk á fætur og hvíslaði:
– Ég er nefnilega líka njósnari!
Ég leysi ráðgátur og þrautir
og dularfull mál.
Ég hjálpa þér! Komdu!

Finnur hló og hélt af stað
á eftir Rósu.
– Uss, sagði Rósa. Nú verðum við
að læðast og hvísla!

Hvað leysir Rósa?

Í garði Huldu

Það angaði af rósum
í garði Huldu.
Hún var að raka saman laufi.
Finnur sá glitta í hattinn hennar
á milli runna.

– Ég held að póstar megi ekki
læðast svona um, hvíslaði Finnur.
– Jæja, sagði Rósa, þá læðist ég,
þú gengur.

– Halló! Hulda! kallaði Finnur.
Það brast í greinum þegar Hulda
ruddist í gegnum runna.
– Æ, mér brá, sagði Hulda.
Ég heyrði ykkur ekki koma!

Af hverju brá Huldu?

B eins og í blóm

Hulda keypti ótal blöð
um garða og gróður,
rósir og runna.
Finnur rétti henni
þykkan bunka.

– Getur þú hjálpað mér,
Hulda? spurði Finnur
og sýndi henni pakkann.
Hvað stendur þarna?

– Ég get ekki lesið þetta allt,
sagði Hulda.
En ég sé að fyrsti stafurinn er B,
B eins og í BLÓM.

– Þá er bréfið kannski
til Báru á númer fimm,
sagði Rósa.
Drífum okkur þangað!



Hvernig blöð keypti Hulda?

Opinn gluggi

Bára var heima.
A a a. Ú ú ú. Í í í.
A - ú - í - a,
heyrðist út um opinn glugga.
Bára var að æfa söng.

– Hún er að syngja tónstiga,
sagði Finnur.
– Hún er að veina, sagði Rósa.
Þetta er hræðilegt.
– Nei, nei, sagði Finnur,
þetta er fínn söngur.

– Hún hættir kannski að veina
ef hún fær pakkann sinn,
sagði Rósa
og hringdi dyrabjöllunni.

Hvað var Bára að syngja?

Bára

Bára kom til dyra.
Hárið stóð í allar áttir.
Finnur bauð góðan dag
og rétti henni fyrst
stórt umslag.

Bára hrópaði upp yfir sig:
– Ah! Nótur frá Róm!
Hún þrýsti umslaginu
að barmi sér.
– Og meira?
Hún leit á Finn
sem hélt á gula pakkanum.

En Bára átti ekki pakkann.
– Það stendur B R,
en ekki B Á, sagði hún.

– Þá er þetta ekkert mál,
sagði Rósa.
Hann Broddi býr
í næsta húsi!

Hvað var í umslaginu?

Broddi og Bóris

Finnur og Rósa heyrðu
að Bára fór aftur að syngja.
Um leið fór hundur
að spangóla í húsi Brodda.

Rósa hringdi.
Broddi opnaði rifu á dyrnar.
Hann hélt í hundinn sinn, Bóris.
Bóris lét skína í tennurnar.

– Ertu með bréf til mín?
spurði Broddi hvasst.
– Nei, ekkert bréf í dag,
sagði Finnur.

Broddi lét brýnnar síga
og Bóris urraði lágt.
– Ég vil engan ruslpóst!
– Broddi minn, ég veit það,
sagði Finnur.

Hvernig póst vildi Broddi ekki?

Hurðin skellur



– Ég á í vanda með þennan pakka,
sagði Finnur.
Heldur þú að hann sé til þín?

– Nei, sagði Broddi.
Ef hann væri til mín
þá stæði þarna: B R O
en ekki: B R Y.
– B R Y, sagði Finnur.
Já, það er rétt hjá þér!



En Broddi svaraði engu.
Hann skellti bara hurðinni.
– Broddi er dóni, sagði Rósa.
Og hann á brjálaðan hund.

Hvernig kvaddi Broddi?

Pönnukökur

Þau gengu að húsi Helgu og Önnu.
Þær voru systur.

Þau fundu lykt af pönnukökum
langt út á götu.

Helga kom strax út á tröppur.
Hún þekkti Finn vel.

– Komið inn og fáið ykkur kaffi,
sagði hún.
– Æ, það er svo mikið að gera,
sagði Finnur.
Og ég er í vandræðum
með þennan pakka.
Ég get ekki lesið skriftina.

– Vertu rólegur, sagði Helga.
Ég kann ráð við því!

Hvaða lykt fundu Finnur og Rósa?

Anna og Helga kunna ráð

Helga skaust inn í húsið
og kom aftur út með körfu
fulla af gleraugum.
– Þú ert bara farinn að sjá illa,
vinur minn, sagði Helga.
Nú skaltu prófa gleraugu!

Anna kom með pönnukökur á diski.
Rósa át sjö pönnukökur á mettíma.



Á meðan reyndi Helga
að máta gleraugu á Finn.
– Hvernig eru þessi?
– Ég sé bara verr,
sagði Finnur.

Nú setti Anna upp gleraugu.
– B R Y N, las hún. Einhver Bryn.
– Það er ekkert nafn, sagði Helga.

– Nei, en það gæti verið Brynjar!
sagði Rósa. Af stað!

Hvað átti Finnur að prófa?

Tilraun

Þau gengu rakleitt
að húsi númer sjö.

– Sjáðu nú, hvíslaði Finnur.
Smá tilraun.
Hann stakk tímariti
inn um lúguna.

Inni í húsinu fór allt af stað.
Það var hrópað og kallað,
stokkið um og stympast.

– Þetta er eins og
jarðskjálfti! sagði Rósa.
Ég held að þeir séu að slást!

– Þetta gerist alltaf, sagði Finnur
og hringdi bjöllunni.

Hvaða tilraun gerði Finnur?

Ari, Brynjar og Dagur



Ari opnaði dyrnar.
Brynjar og Dagur rifust.
Þeir voru þríburar.

Inni var allt á tjá og tundri.
Tímaritið lá rifið á gólfinu.

Ari skoðaði pakkann.
– Nei, þarna stendur B R Y N D,
en ekki B R Y N J.
Um leið og hurðin lokaðist
hófust lætin að nýju.

– Unglingar, sagði Rósa,
þeir eru ekki alveg í lagi!

Hvað hétu þríburarnir?



Uppi á þaki

Gunnar og Lára
bjuggu í stóru húsi.
Gunnar var að príla
í stiga upp á þakið.
Lára hélt við stigann.

– Sæl verið þið, sagði Finnur.
Er eitthvað að?
– Æ, kisi komst upp á þak
og þorir ekki niður, sagði Lára.

– Komdu kisa-kis, kallaði Gunnar.
– Hann ætlar að lokka kisa til sín
með sardínum, útskýrði Lára.

Gunnar kom hægt niður stigann
með kisa í fanginu.
Þeir voru báðir útataðir
í sardínum.

Af hverju var Gunnar uppi í stiga?

Nafnið

Gunnar og Lára rýndu
í skriftina á pakkanum.
– B R Y N D Í S, sagði Gunnar.
Það get ég lesið.



– En það býr engin Bryndís
í Unugötu, sagði Rósa hissa.

– Kannski er það ný kærasta
í næsta húsi, sagði Lára.
Hann Rúnar er svo mikill gosi.
Ég segi ekki meir!

– Nei, við skulum bara
athuga málið, sagði Finnur.
Kærar þakkir!

Hver var mikill gosi?

Allt í botni

Rósa og Finnur flýttu sér
að næsta húsi.
Fyrir utan húsið
stóð stórt mótorhjól.
Húsið skalf af þungum takti.

– Rúnar er með allt í botni,
sagði Rósa. Rosalega
spilar hann tónlist hátt!

Þau hringdu dyrabjöllunni.
Enginn svaraði.
Þau börðu á dyr
og hringdu aftur.
– Þau heyra ekki, sagði Rósa.



Af hverju svaraði Rúnar ekki?

Rúnar rokkari

Loks komu Rúnar
og kærastan til dyra.
– Hey, allt í fína, sagði Rúnar
og las á pakkann:
B R Y N D Í S J Ó.
– Er það hún? spurði Rósa.

– Nei, maður, S V A N D Í S,
Svandís Perla heitir þessi elska,
sagði Rúnar blíðum rómi.
– Þú ert krútt, sagði Svandís Perla
og kyssti Rúnar.
– Hey, allt í fína, sagði Rúnar.

– Jæja, við erum þá
ekkert að trufla meira,
sagði Finnur og rétti
Rúnari póstinn sinn.
– Hey, allt í fína,
sagði Rúnar.



Hvað heitir kærastan?

Karl Ottó

Rósa var hugsi.
Hver var þessi Bryndís?
Þau höfðu brátt
gengið götuna á enda.

Finnur dæsti.
– Við skulum tala
við Karl Ottó.
Hann sér oft það
sem aðrir sjá ekki.

– Heldur betur, sagði Rósa.
Hann hélt einu sinni
að ég væri með byssu
og hringdi á lögguna.
Ég var bara með prik!

Hver hringdi á lögguna? Af hverju?

Draugar

Karl Ottó opnaði dyrnar.
– Passið ykkur, hvíslaði hann.
Nú eru draugar fluttir inn!

– Hvaða draugar eru það?
spurði Finnur.
– Þarna! sagði Karl Ottó og benti.

Við enda götunnar stóð gamalt hús.
Það hafði lengi staðið autt.
Nú voru þar blóm í glugga,
teppi og mottur á snúru
og fyrir utan húsið
stóð lítill rauður bíll.

– Þetta vissi ég ekki! sagði Finnur.
– Þeir komu í nótt, sagði Karl Ottó
og flýtti sér að loka dyrunum.

Hvar stóð gamla húsið?

Gamla húsið

Finnur og Rósa gengu
að gamla húsinu.
Garðurinn var í órækt
og það var langt síðan
húsið hafði verið málað.

– Við ættum kannski
að læðast, sagði Rósa.
Þetta er draugalegt.
Rósa nam staðar.
Hurðin á gamla húsinu
opnaðist með marri.

Út um dyrnar kom maður
með fangið fullt
af tómum kössum.

Hver kom út?

Nýir íbúar

– Góðan dag, sagði Finnur.
Býr Bryndís hér?
Maðurinn kinkaði kolli.
– BRYNDÍS! kallaði hann.
Póstur til þín!

Rósa var spennt
þótt þau væru ekki draugar!
Maðurinn var ósköp venjulegur.

Þá birtist dökkhærð
stelpa í dyrunum.
– Ég er Bryndís, sagði hún.

Hún las sjálf utan á pakkann:
– BRYNDÍS JÓNSDÓTTIR
UNUGÖTU 12.
Þetta er skriftin hennar ömmu,
hún er orðin svo skjálfhent.

Hvað stóð á pakkanum?

Vinir

Finnur var feginn að pakkinn
var kominn í réttar hendur.
Hann kvaddi og hélt áfram.

Rósa dokaði við.
– Karl Ottó á númer tíu
heldur að þið séuð draugar,
sagði hún.
– Það var skrýtið! sagði Bryndís.
Hér búa þá drauga-pabbi,
drauga-mamma og þrjú drauga-börn!

Rósa hló.
Bryndís hló líka.
Ég á afmæli á morgun, sagði hún.
Viltu koma í afmælið mitt?
– Já, sagði Rósa, það verður gaman!
Sjáumst á morgun!

Búðu til sögu um afmælið.

Til kennara og foreldra!

Smábókaflokkurinn er ætlaður börnum sem eru að ná tökum á lestri en þurfa þjálfun. Sögurnar eru fjölbreyttar og skiptast í þyngdarflokka. Reynt er að höfða til ólíkra áhugasviða með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu.

Á vef Menntamálastofnunar (mms.is) má nálgast margvíslegt efni sem tengist smábókaflokknum:
Lesum og skoðum orð – Smábækur. Gagnvirkur vefur þar sem velja má um 11 smábækur og 6 mismunandi leiðir til að fást við texta bókanna.
Smábókaskápurinn. Gagnvirkar rafbækur úr smábókaflokknum. Börnin geta ýmist lesið textann eða hlustað og á hverri blaðsíðu eru spurningar og verkefni.
Orðaleikir. Málfræðiverkefni úr vefjum sem fylgja nokkrum smábókum.
Íslenska á yngsta stigi – veftorg. Yfirlit yfir efni sem tengist smábókunum, kennsluhugmyndir, málfræðiyfirlit og verkefni til útprentunar.

Umræður heima og í skólanum

Póstur. Hvernig berst pósturinn frá einum stað til annars? Kunna allir að skrifa heimilisfang sitt og póstnúmer? Hvað verður um bréf sem ekki er hægt að lesa á?

Nágrannar. Er mikilvægt að þekkja nágranna sína? Hvernig hefði farið ef Rósa hefði ekki þekkt íbúana í Unugötu?

Flutningar. Hvernig er að flytja og kynnast nýju umhverfi, nýjum skóla? Hvað er hægt að gera til að kynnast nýjum nágrönnum?

Orð sem þarf að skýra

Í þungum þönkum, ráðgáta, tónstigi, spangóla, tjá og tundur, skjálfhentur.

Búa til bók

Bókin um bréf. Skrifað eigið nafn, heimilisfang og póstnúmer. Teiknaðar myndir sem sýna leið bréfsins frá bréfritara til áfangastaðar. Umslag límt í bókina með bréfi til raunverulegs eða ímyndaðs viðtakanda. Ef leyndarmál eru í bréfinu má líma það aftur.

Bókin um húsið mitt. Heimilisfang skrifað, húsið teiknað og jafnvel tekin af því ljósmynd. Upplýsingar skráðar um fjölda íbúa í húsinu, fjölda húsa í götunni, fjölda dyra og glugga á húsinu o.s.frv.

Myndvinnsla – leikræn tjáning

Húsin í Unugötu. Hvernig ætli húsin í Unugötu líti út? Börnin vinna í smáhópum og búa til hús sem bera einkenni eigenda sinna (þekjulitir, „klessulitir“ eða pappírsklipp). Húsin eru fest upp hlið við hlið til að mynda götu. Íbúarnir geta sést í dyrum eða gluggum. Íbúana má líka vinna sérstaklega sem færanlegar dúkkulísur, láta þá hittast, spjalla saman o.s.frv.

SMÁBÓK

Unugata

Finnur póstur var í vanda.
Hann gat ekki lesið utan á pakka
sem átti að fara í hús við Unugötu.

Lestu um hvernig málið leystist.

Smábækur Menntamálastofnunar
eru einkum ætlaðar börnum sem
eru að læra að lesa.

Áslaug Jónsdóttir er
höfundur texta og mynda.

MENNTAMÁLASTOFNUN
40286